




AFSTÖÐUMYND 1:500



ÁSYND AÐ ÁSBRAUT 1:500

DEILISKIPULAG FÝR FJÖLBÝLISHÚS VIÐ SUÐURBRAUT 2-4-4a.

UNNIÐ FÝRIR SKIPULAGSDEILD HAFNARFJARÐARBÆJAR

## GREINARGERÐ

Gerð er tillaga að íbúðabyggingu á svæði sem afmarkast af Suðurbraut í austri, Ásbúðartröð / Hólabraut í suðri, Ásbraut í norðri og Fornubúð / Hvaleyrarbraut í vestri. Umrætt svæði er skv. staðfestu aðalskipulagi ætlað undir íbúðar- og þjónustubyggingu.

Vestast á svæðinu er gert ráð fyrir að áfram verði verslun / iðnaður í húsi því sem þar stendur, með þeirri breytingu að mögulegt er að breyta efri hæð hússins í íbúðir, auk þess sem nokkur viðbyggingarmöguleiki er við austur enda hússins.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að byggð verði 3 fjölbýlishús með samtals 38 íbúðum. Tvö þeirra syðstu verði 3 hæðir með 11 íbúðum í hvoru, en nyrsta húsið verði 4 hæðir með allt að 16 íbúðum. Gera skal ráð fyrir 1,75 bílastæði á hverja íbúð, auk þess mögulegri aukningu um 0,25 stæði á íbúð. Húsin skulu hafa sömu mænissstefnu og fjölbýlishús þau sem standa við Suðurbraut, og þákhalli skal vera 15-20°.

Tenging íbúðabyggingarinnar verði við Suðurbraut, en tenging atvinnusvæðis verður áfram við Fornubúð auk þess sem leyfð verður tenging við Hvaleyrarbraut. Vegna fyrirsjáanlegrar aukningar umferðar um Ásbraut og fyrirhugaðrar breikkunar götunnar er gert ráð fyrir gróðurvaxinni mön milli Ásbrautar og nýrrar húsagötu.

Tillagan gerir ráð fyrir að göngustígur meðfram Suðurbraut verði að hluta til færður inn á svæðið og tengist þar nýjum göngustíg sem liggir milli Ásbrautar og Ásbúðartröðar.

Á svæðinu eru fyrir tvær byggingar sem gert er ráð fyrir að víki. Annars vegar Suðurbraut 4 (Melshús) sem verði rífið eða flutt, hins vegar dæluhús vatnsveitu Hafnarfjarðar, sem verði annað hvort flutt af svæðinu eða byggt nýtt dæluhús, sem þá yrði fellt inn í jarðmön þá sem fyrirhuguð er.

Skipulagsuppráttur þessi var samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar hinn 28. des. 1993

Hafnarfirði: 25. júlí 1994

Magnús Jón Árnason, bæjarstjóri

Skipulagsuppráttur þessi var samþykktur af skipulagsstjóra ríkisins í samræmi við gr. 4.4.1. skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Reykjavík: 5. ágúst 1994

Stefán Thors, skipulagsstjóri